

# Fundargerð

**Annar fundur samstarfshóps vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrútey**

haldinn í gegnum Teams þann 19. janúar 2022, kl. 13:30-14:00.

## **Fundarmenn:**

Ágúst Þór Bragason, Blönduósi  
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Umhverfisstofnun  
Kristín Ósk Jónasdóttir, Umhverfisstofnun

## **Markmið fundar**

Áframhald vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hrútey.

## **Fundarefni og umræður**

1. Farið var yfir vinnuskjalið og mun Ágúst senda athugasemdir við textann.  
Guðbjörg athugar með texta um rannsóknir á svæðinu og vinnur skjalið áfram.
2. Samráðsfundur  
Leyfi liggur fyrir til að halda opinn samráðsfund. Stefnt er á að hann verði eftir 20. febrúar, líklega í byrjun mars, eftir kosningu um sameiningarmál sveitarfélaga auk þess sem staða á faraldri verður þá vonandi betri. Farið yfir drög að auglýsingu um fundinn. Rætt um fyrirkomulag. Fundarmenn sammála um að hentugast sé að skipta þátttakendum niður í 5-6 manna hópa, allir ræði sömu spurningarnar og leggi fram hugmyndir. Hóparnir haldi sig við sín borð og kynni í lokin niðurstöður. Leitað verði eftir að sveitarstjórnarfolk taki að sér borðstjórn, auk samstarfshópsins, og óskað eftir hugmyndum þeirra að umræðuefni.

Fleira var ekki rætt.

## **Næstu skref**

Guðbjörg uppfærir gögn.  
Ákvörðun um dagsetningu samráðsfunds verður tekin síðar.